



## Fundargerð hreppsnefndar 21. október 2010

Hreppsnefndarfundur var haldinn fimmtudaginn 21. október 2010 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt: Bárður Jónasson, Eyjólfur Sigurðsson, Fjóla Dögg Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Þórunn Egilsdóttir og Ásrún Jörgensdóttir.

Fundargerð ritaði Guðrún Anna Guðnadóttir.

Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir því að taka á dagskrá fundargerð hafnarnefndar frá 21.okt. 2010 og lagði fram fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 20. október sl. Samþykkt að fundargerð hafnarnefndar verði tekin fyrir undir 14. lið á dagskránni. Fundarmenn samþykktu þetta.

Síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 7.október sl.  
Fundargerð hreppsnefndar frá 7.október sl. lögð fram. Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.
2. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 11. október sl.  
Fundargerð hreppsnefndar frá 11. október lögð fram. Samþykkt samhljóða.
3. mál. Fundargerð fræðslunefndar frá 11.okt. sl.  
Fundargerð fræðslunefndar frá 11.okt lögð fram. Fyrirspurn um skólaakstur og kostnað við hann. Oddviti lagði til að oddvita og sveitarstjóra yrði falið að skoða málið og koma með upplýsingar á næsta fund. Umræður um tónlistarskólann, oddviti gerði grein fyrir stöðu mála. Samþykkt að auglýsa eftir skólustjóra frá og með áramótum oddvita og sveitarstjóra falið að ganga frá því.
4. mál. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 20. október. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 20. október lögð fram. Samþykkt samhljóða.
5. Mál. Staða sorphirðumála.  
Oddviti upplýsti nefndarmenn um stöðu mála. Ljóst er að töf verður að því að flokkun hefjist en undirbúningsvinna er í fullum gangi. Beðið er eftir efni í girðingu og verið að undirbúa móttökusvæðið. Þá er verið að vinna kynningarbækling sem verður dreift í öll hús og í kjölfarið mun verða opinn kynningarfundur. Ekki liggja nákvæmar dagsetningar fyrir. Farið verður í að skoða urðunargjaldskrá fyrirtækja, talið vera hvati fyrir flokkun sorps.
6. Mál. Jöfnunarsjóður.  
Niðurstöður skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs kynntar. Ljóst er að samkvæmt þeim skerðist framlag til Vopnafjarðarhrepps töluvert. Oddvita/sveitarstjóra falið að kynna sér málið betur og kanna hvort um endanlega niðurstöðu Jöfnunarsjóðs sé að ræða.
7. Mál. Bréf varðandi opnunartíma leikskólans Brekkubæjar.  
Nokkur umræða var um málið. Málinu vísað til fræðslunefndar. Samþykkt með 6 atkvæðum. Einn sat hjá.
8. Mál. Tilnefning í ferlinefnd.

Oddviti lagði til að fulltrúar yrðu Hrund Snorradóttir og Ingólfur Sveinsson. Tillagan samþykkt samhljóða. Sjálfsbjörg skipar auk þess einn fulltrúa. Nefndin tekur til starfa nú þegar. Samþykkt samhljóða.

9. Búfjárefirlit.

Starfandi búfjárefirlitsmaður, Friðbjörn H. Guðmundsson, hefur sagt upp störfum. Samþykkt samhljóða að fela oddvita/sveitarstjóra að auglýsa eftir búfjárefirlitsmanni.

10. Mál. Starfshópurinn „Austfirsk eining“. Tilnefning fulltrúa.

*Tillag samstarfsnefndar á 44. aðalfundi SSA 2010* kynnt. Þar kemur fram að sveitarfélög á starfssvæði sambandsins endurskipi í starfshóp SSA og sveitarstjórnarráðuneytisins. Starfshópnum er ætlað að:

- vinna að því að greina möguleika á frekara samstarfi allra sveitarfélaga á svæðinu um einstök verkefni.

- skoða möguleika á verkefnatilflutningi frá ríki til sveitarfélaga með það í huga að sveitarfélögin á Austurlandi leysi þau í sameiningu.

- halda áfram vinnu við að greina kosti og galla sameiningar Austurlands í eitt sveitarfélag. Vinnan byggir á tímamótasamþykkt 43. aðalfundar SSA og styðst einnig við samþykkt stjórnar SSA frá 2. nóvember 2009 um áherslur sem þar koma fram.

Tillaga kom fram um Bárð Jónasson sem fulltrúa í starfshópnum. Tillagan samþykkt samhljóða.

11. Mál. Markaðsstofa Austurlands.

Ósk um viðræður vegna þátttöku sveitarfélaga í rekstri MA.

Oddvita/sveitarstjóra falið að koma á viðræðum við fulltrúa MA.

Samþykkt samhljóða.

12. Mál. Byggðakvóti.

Bréf lagt fram til kynningar. Oddviti upplýsti nefndarmenn um að búið væri að sækja um kvótann.

13. Ýmis bréf og erindi

a) Bréf Umhverfisstofnunar varðandi refaveiðar lagt fram.

b) Bréf Þróunarfélags Austurlands varðandi almenningsamgöngur lagt fram. Kynningarbæklingar varðandi efnið liggja frammi á sveitarstjórnarskrifstofu.

c) Bréf varðandi SÍS varðandi málþing um stöðu fámennra byggða lagt fram.

14. Fundargerð hafnarnefndar frá 21. október

Fundargerð hafnarnefndar frá 21. október lögð fram.

Samþykkt samhljóða.

Oddviti gerði fundarmönnum grein fyrir því að von væri á þingmönnum n. k þriðjudag og er oddvita falið að vinna undirbúningsvinnu og sendir á nefndarmenn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17.12.